

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri
Dags. 13. apríl 2018
Mnr. 2018040022



ÍSAFJARÐARBÆR

Svör við fyrirspurnum Jónas Þórs Jónassonar

- 1. 05.02.2018 var eftirfarandi bókun gerð í bæjarráði: "Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur bæjarstjóra að kanna hvort og með hvaða hætti hægt sé að bregðast við þessari miklu hækkun, í ljósi þeirrar takmörkuðu notkunar sem heimil er á þessum tilteknu sumarbústöðunum. Ástæða hækkunar fasteignagjalda er mikil hækkun lóðarmats sumarbústaðalóða." Hvað hefur verið gert í því máli og hvenær?**

Sunnudaginn 28. janúar síðastliðinn gerði bæjarstjóri fyrirspurn um málið til byggingarfulltrúa og fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar í framhaldi af umræðu á Facebook vef Skógarbúa. Fram kom í svari fjármálastjóra sama dag að Þjóðskrá virtist hafa farið um Skóginn í sumar, tekið svæðið út og hækkað fasteignamat um 40-60% án samtals við Ísafjarðarbæ eða eigendur. Einnig kom fram að byggingarfulltrúi væri að undirbúa erindi á Þjóðskrá vegna allra eigna í Tunguskógi og óska eftir að endurmati þar sem skv. lóðarleigusamningi sé um að ræða fasteignir með takmarkaða íveru. Ísafjarðarbær lagði á fasteignagjöld samkvæmt veltu í samræmi við fasteignamat og því urðu eigendur sumarbústaða í Tunguskógi fyrir töluverðri hækkun á fasteignagjöldum.

Eftirfarandi tilkynningu sem tengist málinu má finna á vef Þjóðskrár: <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2017/06/02/Fasteignamat-2018/>. Þar kemur m.a. fram að nýtt mat fyrir sumarbústaði byggist á þinglýstum kaupsamningum auk þess sem tillit er tekið tillit til ýmissa þátta, s.s. fjarlægðar frá golfvöllum og annarri þjónustu.

Þriðjudaginn 6. febrúar óskaði bæjarstjóri eftir því við byggingarfulltrúa að hann aflaði svara í samræmi við ofangreinda ályktun bæjarráðs og byggingarfulltrúi sendi erindi á Þjóðskrá. Þann 13. febrúar spurðist bæjarstjóri fyrir um það hjá byggingarfulltrúa hvernig gengi að afla svara. Byggingarfulltrúi upplýsti að hann hefði sent erindi á Þjóðskrá 2. febrúar og óskað skýringa á hækkunum sem hafa orðið á fasteigngjöldum frístundahúsa í Tunguskógi, jafnframt hvort tekið væri tillit til þeirra kvaða sem eru þinglýstar á hvert og eitt hús á svæðinu. Hann upplýsti jafnframt að hann biði enn svara.

Bæjarstjóri ítrekaði fyrirspurn sína til byggingarfulltrúa þann 15. febrúar og 16. febrúar, en þann 19. febrúar ítrekaði byggingarfulltrúi fyrirspurn sína til Þjóðskrár enda hafði honum gengið illa að ná í nokkurn mann hjá Þjóðskrá til að svara fyrir um gang mála. Þann 23. febrúar ítrekaði bæjarstjóri enn fyrirspurnina við byggingarfulltrúa. Þann 26. febrúar gat byggingarfulltrúi svo upplýst að hann hefði fengið símhringingu frá Fasteignamati, og verið upplýstur um að erindið væri komið inn á borð yfirmatsnefndar í Reykjavík, formleg svör hefðu hinsvegar ekki borist enn.

Þrátt fyrir frekari ítrekanir hafa engin svör borist ennþá við fyrirspurn Ísafjarðarbæjar.

- 2. 01.03.2018 var bæjarstjóra falið á fundi bæjarstjórnar að vinna að því að koma á fundi með ráðherra samgöngumála vegna frestunar á vegaframkvæmdum á Dynjandisheiði. Hvað hefur verið gert í því máli og hvenær?**

Eins og sjá má í fundargerð frá 1. mars síðastliðnum hefur bæjarstjórn ekki falið bæjarstjóra að koma á fundi með ráðherra samgöngumála. Þó getur bæjarstjóri upplýst að 12. janúar óskaði hann eftir fundi með ráðherranum. Bæjarstjóri setti einnig fram ósk þann 8. mars um að fá fund með ráðherranum. Engin svör hafa borist við þessum óskum.

Það skiptir þó meira máli í þessu sambandi að bæjarstjóri og formaður bæjarráðs áttu fund með Samgönguráði ráðherrans, ásamt stjórn Vestfjarðarstofu og öðrum fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Þar var mikilvægi Dynjandisheiðarvegar brýnt fyrir Samgönguráði af fjölda fundarmanna og mikil áhersla lögð á málið.